

Haustrundur 2007

Haustrundur Samtaka forstöðumanna almenningsbókasafna
haldinn föstudaginn 19. október 2007 á safnasvæðinu að Görðum á Akranesi

Dagskrá:

09:30 Mæting og kaffisopi. Söfnin á svæðinu verða opin.

10:00 Áslaug Óttarsdóttir formaður SFA setur fundinn og kynnir nýja félagi.

10:05-12:00 Halla Helgadóttir frá auglýsingastofunni Fítón

12:15 Matur á veitingahúsinu Galito.

13-14:30 Skoðunarferð um Akranes með leiðsögn þar sem m.a. verður heimsótt Haraldarhús 14:30-15:00 Kaffisopi og enn eru söfnin á svæðinu opin

15:00 Hrannar Björn Arnarsson formaður innflytjendaráðs fjallar um bókasöfn og innflytjendur

15:30 Sjálfsafgreiðsluhópur Borgarbókasafns

16:00 Tómas Guðmundsson atvinnu- og markaðsfulltrúi Akraness

16:30 Önnur mál

17:00 Fundi slitið

Fundargerð:

Kl. 10.00

Áslaug Óttarsdóttir formaður SFA setti fundinn.

Í inngangsorðum formanns kom fram að stjórnin sendi kynningarbréf til forstöðumanna almenningsbókasafna, sem ekki voru í félaginu, með hvatningu um að ganga í félagið.

Einnig sagði Áslaug frá samstarfi við RÚV vegna leikritsins Mæju spæju, en það verkefni stóð yfir í júlí og byrjun ágúst. Góð mæting var víða um land vegna þessa nýja verkefnis á bókasöfnunum. Allir sem tóku þátt í verkefninu voru mjög ánægðir með samstarfið við RÚV og var best mæting á Hvammstanga.

Erla Kristín tók að sér fundarstjórn og kynnti hún dagskrá fundarins og sagði frá nýjum félögum sem eru:

Birna J. Jóhannesdóttir Bókasafni Sandgerðisbæjar, Þóra Sigríður Ingólfssdóttir Blindrabókasafni Íslands, Þórdís Friðbjörnsdóttir Héraðsbókasafni Skagfirðinga og Kári Bjarnason Bókasafni Vestmanneyja. Fundaritari var Nanna Þóra Áskelsdóttir fyrir hönd Bókasafns Akraness.

Stutt auglýsingamynd sýnd, sem unnin var af nemendum í bókasafns- og upplýsingafræði vorið 1992.

Kl. 10.05-12.00 **Halla Helgadóttir frá auglýsingastofunni Fítón.**

EKKI er mikil sérhæfing hérlendis á auglýsingastofum. Nauðsynlegt er að markaðssetja bókasöfn, eins og aðra þjónustu. Auglýsingastofur vinna með sérfræðingum hver í sínum geira og hjálpa til að draga fram það besta í hverri stofnun.

Auglýsingastofur finna nýjar lausnir og setja nýjar hugmyndir í rétta umgjörð. Fyrsta skrefið er að skoða og skilgreina þarfirnar og fara síðan af stað.

Að baki góðri auglýsingu er mikil hugmyndavinna og hugflæði. Það má líta á hönnun sem ferðalag, útfærslu þar sem stöðugt er sótt áfram. Lítið hefur verið á auglýsingagerðarmenn sem listamenn og jafnvel álitnið að ekki þurfti að greiða fyrir vinnu í hugflæði. Gott andrúmsloft í samstarfi skilar árangri.

Auglýsing snýst um sjálftraust, nauðsynlegt að tala við starfsfólk fyrirtækja, innri markaðssetning skiptir máli. Búa til stemningu, starfsfólk verður að gera sér grein fyrir að það býður uppá frábæra þjónustu, sem vert er að kynna.

Nauðsynlegt að allir fái eignarhald að hugmyndinni og starfsfólk fái að vera með, vera þátttakendur í ferlinu. Gott að átta sig á við hvern erum við að tala með auglýsingu og ákveða til hvaða markhóps við viljum ná.

Fítón hefur unnið m.a fyrir Þjóðminjasafnið með uppsetningu á sýningum, bæklingum og bókum. Önnur fyrirtæki eru t.d. Þjóðmenningahús og Sparisjóðirnir .

2% til 4% telst góð svörun þegar bæklingi er dreift í ca 10.000 eintökum.

Fítón gerði sameiginlegt merki fyrir íslenska garðyrkjubændur sem vildu merkja íslenska framleiðslu til hagræðis fyrir viðskiptavini. Vandmeðfarið er ná til markaðsins, fyrirtæki verða að ákveða hver markhópurinn sé.

Auglýsingastofur vinna eftir siðareglum, auglýsingar má t.d ekki senda á barn, heldur á forráðamann. Markhópar

breytast frá einum tíma til annars og þurfa að vera stöðugt í endurskoðun.

Umræður meðal fundarmanna um fyrir hvern er auglýsingin, dreifingu á rulspósti og fleira. Einnig skiptar skoðanir um gjafir fyrirtækja sem einstaklingur vill ekki, skapar þrýsting. Einfalt grín er sterk leið í gerð auglýsinga og er ódýr leið.

Kaffihlé

Útfærsla hugmynda.

Samstarf almenningsbókasafna er heillavænlegast, því söfnin hafa lítið fjármagn. Áætla fé í markaðsmál. Láta vita af sér. Reyna að fá umfjöllun í fjölmiðlum, skrifa greinar og deila niður á árið. Reyna að gera eitthvað sterkt og sjaldan. Mikilvægt að ákveða eitthvað og halda sig við það, því það eru til óteljandi "réttar leiðir". Hafa úthald þó ekki gangi vel í fyrstunni, gefast ekki upp með hugmyndina. Dæmi er Menningarnótt, sem byrjaði smátt en hefur vaxið gífurlega. Hvert er vandamálið, hefur dregið úr heimsóknum, hverju viljum við breyta, hver er markhópurinn? Skilgreina til hvaða hóps við viljum ná í hvert sinn. Ekki reyna að ná til barna, unglinga og fullorðinna í sömu auglýsingu. Hafa mælanleg markmið. Hvað viljum við segja? Best er að ná einni góðri setningu -> slagorð fyrirtækja.

Að loknum fyrirlestri skipti Halla forstöðumönnum niður í hópa til að fara í hugflæðis-vinnu og fékk hver hópur sinni markhóp: börn – unglingar - námsmenn – handverksfólk – fjölskyldur – aldraðir.

Hóparnir kynntu síðan niðurstöður hugarflæðisins:

Námsmenn -> fullt hús heimilda og finnast margar gáttir.

Börn -> Lestur er töfrar (barnið grípur bók og þá birtast ýmsar sögupersónur) – Vantar lausnir fyrir nýbúa.

Unglingur -> einkenni þeirra er að hafa áhuga fyrir sjálfum sér og vinum sínum. Getu gert eitthvað sértækt því bókasöfn í sjálfum sér er ekki spennandi á þessum aldri. ABS – alltaf hress, sem útleggst, almenningsbókasöfn – alltaf hress.

Aldraðir -> „Lestu áður en þú drepst“ Aldrei of seint!

Handverk -> fá námskeið um ýmskonar handverk, kynna bækur, halda sýningar.

Fjölskyldan -> Vantar að ná til karlmannna í fjölskyldunni, því oftast er það konan og börnin sem koma.

Sjá fyrirlestur Höllu í viðhengi neðst á síðunni.

Hádegishlé. Matur á veitingahúsinu Galító í boði Bókasafns Akraness.

Skoðunarferð um Akranes með Birni Inga Finsen leiðsögumanni og komið við í Haraldarhúsi. Hjónin Ingibjörg Pálmadóttir og Haraldur Sturlaugsson tóku á móti okkur.

Kl. 15.30 Bókasöfn og innflytjendur.

Hrannar Björn Arnarsson formaður innflytjendaráðs sem ætlaði að tala á fundinum forfallaðist á síðustu stundu en í stað hans kom Linda Björk Alfreðsdóttir sérfræðingur í innflytjendamálum og Evrópumálum. Hún ræddi um stöðu innflytjenda, en verið er að reyna að koma upp framkvæmdaáætlun meðal ráðuneyta og samræma stefnu ríkisstjórnar í málefnum nýbúa.

Áður en Linda hóf kynninguna las Áslaug bréf frá Margréti Ásgeirsdóttur á Selfossi um verkefnið Bækur og móðurmál. Erindi bréfsins var síðan vísað til stjórnar.

Þróunarsjóður innflytjenda – Bókasöfn geta sótt í sjóðinn.

Ísland er með hæstu prósentu í hlutfalli við hin Norðurlöndin, hvað varðar fjölda erlendra ríkisborgara á vinnumarkaðnum. Þarna er hópur sem talar ekki íslensku og kann jafnvel ekki að lesa. Í ár, 2007 hafa komið yfir 6.000 manns til Íslands. Meðalaldur innflytjenda er á milli 20 ára og 50 ára. Tryggja þarf aðgengi að íslenskunámi og reyna að bjóða uppá það á vinnutíma.

Miðlun og öflun upplýsinga er nauðsynleg og veita innflytjendum aðgang að upplýsingum gegnum bókasöfn, leita eftir samstarfi.

Vilji er til að læra íslenskuna og um 34% innflytjenda sækja bókasöfn. Könnun gerð á Vestfjörðum og Austfjörðum.

Konur í innflytjendahóp nota bókasöfn mest. Innflytjendur ná í upplýsingar á internetinu, en vita ekki hvar bókasöfnin eru í bæjarfélaginu. Sveitarfélög eru ekki með nógu góða upplýsingamiðlun til innflytjenda. Island.is – fyrstu skrefin Nú er gott sóknarfæri fyrir bókasöfn landsins að sameinast í vinnu með þeim aðilum sem fara með þennan málaflokk, til að kynna söfnin og þá þjónustu sem þau eru í stakk búin að veita. Umræður á meðal forstöðumanna um þessi málefni.

Sjá fyrirlestur Hrannars sem viðhengi neðst á síðunni.

Kl. 16.00 **Tómas Guðmundsson** markaðsfulltrúi Akraness sagði frá markaðssetningu Akraness. Könnun var gerð

hvaða ímynd fólk gerði sér um Akraness. Jákvæð umfjöllun tengdist við fótbolta, margir fótboltamenn héðan. Þá var Sementsverksmiðjan og Akraborg, sem hætti að sigla fyrir ca 10 árum, ofarlega í huga fólks. Hröð íbúaupróun hefur átt sér stað en nú eru um 6.300 manns búandi á Akranesi. Mikið er um stórfyrirtæki.

Í starfi markaðsfulltrúa er mikið einblínt á menningarmál, sem byggir á viðburðum.

Mikill tími fer í undirbúning viðburða. Bókasöfn eru menningarstofnanir og tekur bókasafnið að jafnaði þátt í hinum ýmsu menningarviðburðum. Umræður um Akranes og hvað það hefur upp á bjóða.

Kl. 16.30 **Sjálfsafgreiðsluhópur Borgarbókasafns.**

Búið er að panta sjálfsafgreiðslubúnað fyrir öll söfn Borgarbókasafns nema Seljasafn og bókabíla. Gerð var óformleg könnun á nýtingahlutfalli sjálfsafgreiðslu. Um 49% nýttu sér sjálfsafgreiðslu einvörðungu og 24% notuðu sjálfsafgreiðsluvélar og afgreiðslu. Afgreiðsla í borði 15%. Upplýsingar + spjall 12%. Yngri notendur notar frekar sjálfsafgreiðsluvélar.

Breytast væntingar til starfsfólks? Nauðsynlegt að fara yfir með starfsmönnum bæði kosti og galla breytinga. Hvernig tókumst við á við breytingar? Hvert er starfssviðið? Er þörf á aukinni fræðslu/stuðningi til að takast á við nýtt hlutverk? Fullnægir vinnuaðstaðan nýju hlutverki og breyttu verklagi? Byggir á að allir lánþegar fái sömu þjónustu allsstaðar. Innleiðingarferlið tók tíma og undirbúning. Húsnæði skoðað og breyting gerð á afgreiðsluvæðum. Gott að breyta þegar þarf að koma á nýju verklagi, þess vegna gott að koma að nýjum hugmyndum, of mikið af óþarfa dóti í afgreiðslu.

Staðsetja þarf vélar á vel úthugsuðum stöðum. Það er meira að gera hjá starfsmönnum. Hægt að fækka starfsmönnum á vöktum á fyrstu hæð í aðalsafni Borgarbókasafns.

Starfsmenn verða sýnilegri, ekki faldir bak við afgreiðsluborð, því það var látið hverfa að mestu leyti. Engar uppsagnir á starfsmönnum en til lengri tíma litið er hægt að gera ráð fyrir 10-15% fækkun starfa. Jákvætt við þessa breytingu er að tekin eru út rútínustörf, einhæf störf.

Önnur mál:

Hrafn Harðarson forstöðumaður Bókasafns Kópavogs þakkaði Mörtu Richter forstöðumanni Bókasafns Mosfellsbæjar fyrir áhugaverðar hugmyndir hennar og hennar starfsmanna á auglýsingaspjöldum sem Marta sýndi á fundinum.

Í lokin var rætt um bréf Margrétar Ásgeirsdóttur forstöðumanns Bæjar- og héraðsbókasafns Selfoss. Tillaga hennar er í stuttu máli: Eitt safn í hverjum fjórðungi kaupi pólskar bækur. Bréfi Margrétar vísað til stjórnar. Samþykkt samhljóða. Tillaga borin upp að forstöðumaður Blindrabókasafns kynni nýjar tillögur sínar um Blindrabókasafnið á vofundi. Samþykkt.

Ákveðið að vofundur verði í Reykjavík 2008 í umsjón Borgarbókasafns.

Nanna Þóra Áskelsdóttir og Halldóra Jónsdóttir rituðu fundargerð.

Myndir frá haustfundi sjá <http://www.flickr.com/photos/15710700@N07/sets/72157602608760678/>

Þátttakendur:

Anna Sigríður Einarsdóttir Bókasafn Hafnarfjarðar

Áslaug Óttarsdóttir Borgarbókasafn Reykjavíkur

Barbara Guðnadóttir Bókasafn Ölfuss

Dóra Thoroddsen Borgarbókasafn Reykjavíkur

Erla Lúðvíksdóttir Bókasafn Bessastaðahrepps

Erla Kristín Jónasdóttir Borgarbókasafn Reykjavíkur

Greta Sörensdóttir Borgarbókasafn Reykjavíkur

Gunnhildur Kristjánsdóttir Héraðsbókasafn Rangæinga Hvolsvelli

Halldóra Jónsdóttir Bókasafn Akranes

Hlíf S. Arndal Bókasafnið í Hveragerði

Hólmkell Hreinsson Amtsbókasafnið á Akureyri

Hrafn Harðarson Bókasafn Kópavogs

Hulda Björk Þorkeldsdóttir Bókasafn Reykjanesbæjar

Lilja Ólafsdóttir Borgarbókasafn Reykjavíkur

Margrét Gísladóttir Bókasafn Grindavíkur

Marta Hildur Richter Bókasafn Mosfellsbæjar

Oddný Björgvinsdóttir Bókasafn Garðabæjar

Óskar Guðjónsson Borgarbókasafn Reykjavíkur
Pálína Magnúsdóttir Bókasafn Seltjarnarness
Ragnheiður Óladóttir Amtsbókasafnið Stykkishólmi
Sigurlaug Stefánsdóttir Bæjarbókasafn Dalvíkur
Sólveig Arngrímsdóttir Borgarbókasafn Reykjavíkur
Stefanía Gísladóttir Bókasafn Norður-Þingeyinga
Sunna Njálsdóttir Bókasafn Eyrarsveitar Grundarfirði
Sævar Ingi Jónsson Safnahús Borgarfjarðar
Þóra Sigríður Ingólfssdóttir Blindrabókasafn Íslands
Þórdís Friðbjörnsdóttir Héraðsbókasafn Skagfirðinga